



Minnisblað

Móttakandi: Framkvæmdastjóri

Dags.: 6. maí 2020

Sendandi: Sigurður Ármann Snævarr

Málsnr.: 2004012SA
Málalykill: 13.30

Efni: Um aðgerðir á Norðurlöndum fyrir sveitarfélög

Í umræðu um minnisblað um aðgerðir á Norðurlöndum í þágu sveitarfélaga sem lagt var fyrir stjórn sambandsins 29. apríl sl. var óskað eftir því að upplýsingar um stuðning við sveitarfélög annars staðar á Norðurlöndum yrðu settar í samhengi við Ísland. Það er gert í eftirfarandi töflu.

	Aðgerðir, milljarðar í viðk.mynt	Krónur á mann	Heimfært á Ísland í m.kr.
Danmörk	2,5	9.179	3.341
Finnland	1,0	28.860	10.505
Noregur	6,5	16.966	6.176
Svíþjóð	23,0	32.808	11.942

Aðgerðirnar eru sem fyrr segir bæði vegna tapaðra tekna og aukins kostnaðar og taka eingöngu til ársins 2020. Hafa verður í huga að allstór hluti tekna sveitarfélaga í þessum löndum koma frá ríkinu og þær fjárhæðir eru ákveðnar í fjárlögum ár hvert. Stærri hluti tekna íslenskra sveitarfélaga koma af sköttum sem þau leggja sjálf á, en til viðbótar eru framlög frá ríkinu (framlög jöfnunarsjóðs) tengd við samtíma skatttekjur ríkis og sveitarfélaga.

Árlegir samningar milli ríkis og sveitarfélaga í Danmörku standa fyrir dyrum og vænta má að danska sveitarstjórnarstiginu verði að fullu bætt tekjutap og aukin kostnaður vegna Covid-19. Í Finnlandi er þess að vænta að hlutur sveitarfélaga verði bættur í þriðja aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar og vonir standa til að sveitarfélögin fái u.þ.b. einn milljarð evra. Í Noregi var á dögum skipuð nefnd til að gera úttekt á fjárhagslegum áhrifum Covid kreppunnar á sveitarfélög.

Reikna má með að samdráttur landsframléiðslu verði mun meiri hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum. Nægir að nefna að ferðapjónusta er miklu umfangsmeiri hér á landi en ytra. Sviðsmynd fjármálaráðuneytis um 9% samdrátt og 11% atvinnuleysi er síst of svartsýn. Til samanburðar má nefna að í fjármálaáætlun (vårpropositionen) sem lögð var fram 15. apríl sl. gerir sænska fjármálaráðuneytið ráð fyrir að landsframléiðsla dragist saman um 4% og atvinnuleysi verði 9%. Danska fjármálaráðuneytis gerir ráð fyrir 3-6% samdrætti í landsframléiðslu

SAS